

## 84. fundur

84. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja og Markaðsstofu Reykjaness haldinn í Teams fjarfundarkerfinu, föstudaginn 9. apríl 2021, kl. 8:30.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Fannar Jónasson, Daniel Arason, Magnús Stefánsson, Guðjón Skúlason, Sigrún Ásta Elefsen og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Pálmi Freyr Randversson boðaði forföll.

### Dagskrá:

1. **Jarðhræringar á Reykjanesi, viðbrögð – Markaðsstofa Reykjaness. ÁB: Þuríður H. Aradóttir Braun, Eypór Sæmundsson og Daniel Einarsson.**

*Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes UNESCO Geopark hefur tekið saman minnisblað yfir viðbrögð, aðgerðir og helstu tölulegar upplýsingar um færslur á samfélagsmiðlum.*

*Starfsmenn MR og RGP hafa staðið vaktina alla daga frá því að gosið hófst. Búið er að setja upp upplýsingar um eldgosið á heimasíðum stofnanna sem og beint streymi Íslandsstofu frá eldgosinu á fyrrnefndum síðum.*

**Minnisblað – samantekt PHAB, DE, ES.**

*Þegar skjálftahrina hófst af krafti á Reykjanesskaga á þessu ári og síðar þegar eldgos hófst í Geldingadölum (19. mars 2021) var virkjað verk- og vinnulag hjá bæði Markaðsstofu Reykjaness (MR) og Reykjanes jarðvangi (RG). Ljóst var að virkni í náttúru svæðisins myndi laða að gesti, hvort sem von væri á gosi eða ekki. Þegar gos hófst var því strax hafist handa við að virkja verkefni tengd gosinu og starfsmenn stofnananna skiptu með sér verkum til að tryggja yfirsýn og eftirfylgni.*

*Viðbrögð MR hafa miðast við hlutverk og ábyrgð stofunnar sem áfangastaðastofa og RG miðast við hlutverk og ábyrgðar stofnunarinnar sem UNESCO vottað svæði.*

**Ábyrg upplýsingamiðlun – Áb. MR - Þuríður**

*Markmið með upplýsingamiðlun í upphafi goss og á meðan á því stendur:*

- *Að koma í veg fyrir áreksstur við heimamenn og að koma í veg fyrir að þolmörkum íbúa sé náð.*
- *Að gefa almenningi færi á að skoða gosið með öruggum og einföldum hætti, með skýrum og einföldum skilaboðum.*
- *Að ganga ekki á umhverfið, vernda það eins og kostur er og vinna áætlun til framtíðar.*
- *Að einfalda vinnu viðbragðsaðila við eftirlit, skipulagningu og viðbragð.*

Á meðan viðbragðsaðilar vinna að því að meta aðstæður í samstarfi við almannavarnir, vinnur starfsfólk MR og RG að söfnun upplýsinga og undirbúningi fyrir frekari miðlun efnis til gesta svæðisins og ferðaþjónustuaðila í samstarfi við Grindavíkurbæ og Safetravel. Dagleg samskipti /fundir hafa átt sér stað milli þessara aðila frá því að gos hófst.

Sett hefur verið upp upplýsingasíða um eldgosíð á vef Reykjanes jarðvangs og eins á vef [visitreykjanes.is](http://visitreykjanes.is), þar sem finna má samansafn upplýsinga sem snúa að öruggum og ábyrgum ferðum að gosstöðvum. Uppsetning og vinna við upplýsingasíðu [visitreykjanes.is](http://visitreykjanes.is) er studd af Ferðamálastofu og verið er að vinna í því að þróa hana frekar með tilliti til útlits og viðmóts fyrir gesti. Síðan er bæði á ensku og íslensku og fá þær samanlagt allt að 4000 heimsóknir daglega. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum vísar á síðuna fyrir allar almennar fyrirspurnir.

Stofnaður hefur verið Facebook hópur fyrir upplýsingamiðstöðvarnar, starfsmenn Safetravel og starfsmenn MR og RG, með það markmið að auðvelda starfsmönnum að miðla upplýsingum sín á milli til að geta svarað fyrirspurnum sem berast. Daglega berast fyrirspurnir inn á Facebook í gegnum heimasíður [visitreykjanes.is](http://visitreykjanes.is).

Upplýsingum um ferðir í boði á gosstöðvar hefur verið safnað saman og haft hefur verið samband við alla þá sem hafa auglýst ferðir.

#### **Umhverfismál og framtíðaruppbygging: - Áb. RG - Daniel**

Eldgosíð í Geldingadöllum er á einkalandi, nýtt hraun nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og ekki vitað hversu lengi gosið muni standa. Þessu fylgir áskorun um skipulag og uppbyggingu til framtíðar, verkefni sem landeigendur standa nú frammi fyrir. RG er nú í hópi með hagsmunaaðilum að vinna að því að finna þessu verkefni farveg til framtíðar í samvinnu við landeigendur, sveitarfélagið, umhverfisstofnun o.fl.. Nokkrir fundir hafa nú þegar farið fram þar sem unnið er að því að skoða aðgerðir sem þarf að undirbúa til að tryggja vernd náttúrunnar, ásamt aðgerðum sem fara þarf í um leið og viðbragðsaðilar minnka viðveru og eftirlit.

Þá hefur verið unnið að söfnun efnis fyrir nýja gestastofu Reykjanes jarðvangs samhliða efnisgerðar til markaðssetningar á áfangastaðnum sem nánar er farið yfir hér á eftir.

#### **Markaðssetning – Áb. MR/RG – Þuríður/Eypór/Daniel**

Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark vinna eftir stefnu í markaðsmálum fyrir áfangastaðinn Reykjanes sem unnin var árið 2018, þar sem fram kemur hver markhópur svæðisins er, hver skilaboðin eiga að vera, hljómfall og myndheimur. Þá kemur jafnframt fram í starfsáætlun MR og RG áherslur í notkun miðla miðað við fjárhagsáætlanir og mannafla til verkefnanna, þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu samfélagsmiðla svo sem Instagram- og Facebook reikninga MR og RG.

Fyrsta viðbragð var að breyta skilaboðum kynningarefnis á öllum miðlum MR og RG úr hvatningu til heimsóknar í fræðslu um einstaka staði innan landshlutans, en á sama tíma safna efni og búa til efni til miðlunar til framtíðar fyrir áfangastaðinn. Eftir því sem hefur liðið á atburðinn og upplýsingar og yfirsýn hafa orðið skýrari og skilvirkari, hafa kynningar og miðlun á samfélagsmiðlum MR og RG orðið virkari um gosið og á sama tíma reynt að tengja það við aðra áhugaverða staði á svæðinu.

Hluti af fyrsta viðbragði við skjálftahrinunni var að setja af stað kynningarherferð fyrir ljósmyndabókina um Reykjanesið á samfélagsmiðlum, visir.is og mbl.is. Hlutlaust, en um leið verið að minna á svæðið sem áhugaverðan og spennandi áningarstað. Bókin er komin í sölu á vef Reykjaness jarðvangs og í sölu í verslunum Eymundsson á Höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Reykjanessbæ.

Jarðvangurinn heimsótti alla skóla á Reykjanesskaganum og afhenti öllum börnum á Reykjanesi í 1-3. bekk bók og litabók. Mikil ánægja meðal skólustjórnenda, kennara og barna.

#### **Umfjöllun – Áb. MR – Þuríður/Eyþór/Daníel**

**Erlend** - (Í samstarfi við Íslandsstofu) Fylgst er með allri erlendri umfjöllun, til að byrja með til að tryggja að rétta umfjöllun og leiðrétta misskilning í umfjöllunum. Lagt var upp með að tryggja að koma fram staðreyndum um atburðinn á skýran og einfaldan hátt. Í framhaldi var fundað með fulltrúum Íslandsstofu og erlendu fjölmiðlaskrifstofum til að tryggja áframhaldandi frásagnir af gosinu og tengja við sögur af svæðinu, samfélagið og fólkið sem stendur vaktina við gosið og að Reykjaness sé skráð sem Reykjaness UNESCO Global Geopark.

**Samkvæmt samantekt Íslandsstofu um umfjöllun um eldgosíð 19. mars – 8. apríl 2021 er áætlað að greinar um gosið hafi fengið lestur 23 milljarða sinnum og virði umfjallana er uppá um 6,2 milljarða íslenskra króna.**

**Innlend** – Unnir hafa verið talpunktar til að miða við í umfjöllunum um eldgosíð og framtíðarverkefni svæðisins. Áhersla hefur verið lögð á tenginguna við UNESCO vottun svæðisins og að um einstakan viðburð í jarðsögu svæðisins sé um að ræða. Fulltrúar MR og RG hafa m.a. farið í viðtöl í Bítíð á Bylgjunni, á morgunvakt Rásar 1 og í Spegilinn á Rás1 frá því að gos hófst. Auk þessa hefur umfjöllun um ljósmyndabók Reykjaness fengið góðar viðtökur og viðtöl við ritstjóra bókarinnar birst í Kiljunni og viðtal við ljósmyndara í morgunútvarpi Rásar 2 og tímaritinu Vikunni, ásamt viðtali við verkefnastjóra RG.

### **Samfélagsmiðlar**

Samfélagsmiðlar RG og MR á Instagram og Facebook hafa verið mjög virkir á meðan á gosi hefur staðið með reglulegum póstum, sögum, streymi o.fl. Meðal þeirra verkefna eru beint streymi í samstarfi við Íslandsstofu, 4 daga take over með Þránni Kolbeins, samstarf við áhrifavalda og ljósmyndara. Myndbönd á Instagram síðunum hafa náð yfir 200 þ. áhorfum. Starfsmenn MR og RG hafa daglega svarað skilaboðum sem borist hafa í gegnum pósta miðlanna.

Tölulegar upplýsingar miðlanna:

**@Reykjanes jarðvangur** – 11. mars – 7. apríl 2021

Facebook page reach – 138 þ. – 297 % aukning. Likes: 4.500

Instagram reach – 60 þ. – 215 % aukning. Followers: 1.100

**@VisitReykjanes** – 11. mars – 7. apríl 2021

Facebook page reach – 22 þ. – 58% aukning. Likes: 3.900

Instagram reach – 96 þ. – 1.400 % aukning. Followers: 3.600

### **Efni til markaðssetningar**

Ljóst er að viðburður sem þessi hefur og kemur til með að hafa mikil áhrif á sýnileika og áhuga gesta á svæðinu, því hefur verið lögð áhersla á að allt efni sem hefur verið tekið upp komi til með að nýtast við frekari kynningu og markaðssetningu svæðisins sem áfangastaðar til framtíðar. Starfsmenn RG og MR hafa heimsótt svæðið reglulega til myndatöku og keyptar hafa verið ljósmyndir og myndbandsefni frá ljósmyndurum. Það verkefni verður í gangi á meðan á gosi stendur.

Fjárfest hefur verið í búnaði til ljósmyndunar og fyrir frekari efnisgerð sem starfsmenn MR og RG vinna áfram og eins hefur verið sett upp með myndum sem fjölmiðlum, fyrirtækjum, sveitarfélögum o.fl. er frjálst að nota á sínum miðlum og við efnisgerð.

### **Aðrar aðgerðir**

Í dag eru 20 dagar liðnir frá því að verkferlar voru virkjaðir gosið hófst og hefur það vakið mikla athygli víða um heim. Starfsmenn MR og RG hafa unnið alla daga frá því að gos hófst við að vinna verkefnum framgöngu og nýta tækifæri sem hafa skapast með þau verkfæri og það svigrúm sem fjármagn leyfir. Það er þó ljóst að hugmyndir og frekari tækifæri liggja víða hvort sem það er við frekari markaðssetningu, sýnileika eða vörubrúun, og hafa ábendingar og hugmyndir borist í þeim efnum. Einhverjar eru einfaldar og auðleysanlegar, en öðrum þarf að mæta með frekari fjármögnun og/eða auknum mannafla.

Frekari upplýsingar um aðgerðir má nálgast hjá starfsmönnum RG og MR.

FJ tók til máls og þakkaði starfsmönnum MR og RGP fyrir ómetanlega aðstoð við Grindavíkurbæ. GS og SG bentu á að mikilvægi þess að hugsa þetta verkefni til framtíðar en ekki einar nætur.

2. Störf í Geldingardölum – innsend grein Ásmundar Friðrikssonar alþm. Suðurkjördæmis.

*Erindið lagt fram og rætt.*

*Daníel Einarsson tók til máls og sagði frá fundi sem haldinn var í gær. Hópurinn á þeim fundi er hugsaður til þess að skoða möguleika uppbyggingar til bráðabirgða og til framtíðar og þá kannski sérstaklega sem aðhald fyrir landeigendur.*

*Stjórn Hekllunnar og MR tekur vel í erindið og leggur til að MR og RGP taki saman upplýsingar um hvaða störf þetta eru sem gætu fallið undir verkefnið og hver kostnaðurinn er við það. Jafnframt hvaða þjálfun slíkir starfsmenn þurfa. Einnig er lögð áhersla á að tryggja landvörslu á svæðinu og að byggja upp innviði til að taka á móti gestum.*

3. Atvinnuleysistölur.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum ferðatengd og búsetu						
Suðurnes	Sep-20	Oct-20	Nov-20	Dec-20	Jan-21	Feb-21
01.Landbúnaður	11	12	14	13	14	13
02 Fiskveiðar/-eldi/-vinnsla	240	254	260	260	244	240
03 Iðnaður	105	122	124	140	145	142
04 Sorp og veitur	10	13	13	13	16	14
05 Byggingariðnaður	164	175	187	191	199	208
06 Verslun og vöruflutn	304	324	332	338	334	332
07 Farþegaflutningar með flugi	559	586	581	576	566	566
08 Gistiþjónusta	156	153	158	161	170	169
09 Veitingaþjónusta	206	216	226	226	232	229
10 Ferðaþjónusta ýmis	591	611	642	655	655	650
11 Upplýsingatækni og útgáfa	19	19	17	18	18	17
12 Fjármál og tryggingar	12	11	11	14	16	16
13 Fasteignasala og -leiga	19	21	21	21	23	22
14 Sérfræðiþjónusta	48	52	50	54	57	54
15 Ýmis þjónustustarfsemi	179	177	184	180	183	186
16 Opinber þjónusta, fræðsla, heilbr. og fél.þjón	152	168	173	180	191	192
17 Listir,söfn,tómst,félög,persl.þjónusta ofl	163	249	268	270	264	263
99 Óvíst	64	106	121	131	115	100
Samtals	3,002	3,269	3,382	3,441	3,442	3,413

	Jul-20	Aug-20	Sep-20	Oct-20	Nov-20	Dec-20	Jan-21	Feb-21
Reykjanesbær	18.7%	19.4%	20.6%	22.3%	23.3%	23.8%	24.7%	24.0%
Grindavíkurbær	9.0%	10.6%	11.1%	13.4%	13.8%	14.1%	14.7%	14.4%
Sveitarfélagið Vogar	12.7%	12.6%	13.5%	14.0%	15.0%	15.0%	15.4%	15.1%
Suðurnesjabær	14.1%	14.3%	14.9%	15.7%	16.6%	16.5%	17.0%	16.3%

	Jul-20	Aug-20	Sep-20	Oct 20	Nov 20	Dec-20	Jan-21	Feb-21
Höfuðborgarsvæðið, allir	8.4%	8.5%	8.9%	9.7%	10.1%	10.2%	10.4%	10.2%
Landsbyggðin, allir	7.7%	8.1%	8.7%	9.5%	10.2%	10.6%	11.2%	10.4%
Suðvesturhornið, allir	8.9%	9.0%	9.5%	10.3%	10.8%	11.0%	11.2%	11.0%
Önnur landsvæði, allir	5.3%	5.7%	6.3%	7.0%	7.7%	8.1%	8.6%	7.7%
Suðurnes	16.7%	17.3%	18.4%	20.0%	20.9%	21.2%	22.1%	21.5%
Vesturland	5.0%	5.3%	5.6%	6.2%	6.8%	7.2%	7.8%	7.1%
Vestfirðir	3.3%	3.4%	3.3%	4.2%	4.4%	4.5%	5.0%	4.7%
Norðurland vestra	2.9%	3.1%	3.2%	3.6%	4.0%	4.4%	4.6%	4.4%
Norðurland eystra	5.6%	5.9%	6.4%	7.2%	7.8%	8.3%	8.9%	8.1%
Austurland	3.4%	3.8%	4.8%	5.2%	5.7%	5.9%	6.3%	6.1%
Suðurland	6.5%	6.9%	7.4%	8.3%	9.1%	9.5%	10.1%	9.5%

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

*Fleira ekki gert og fundi slitið 9:15*